

Fuglalíf á vegarstæði Suðurstrandarvegar

Skýrsla til Vegagerðarinnar



Reykjavík í júlí 2001
Jóhann Óli Hilmarsson

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Inngangur	4
Aðferðir og athugunarsvæði	4
Niðurstöður	5
1. Grindavík – Festarfjall	5
2. Festarfjall – Eldborg	6
3. Krýsuvíkurberg	6
4. Eldborg – Hlíðarvatn	7
5. Hlíðarvatn og Selvogur	7
6. Selvogur – Þorlákshöfn	9
Spendýr	10
Skráðar náttúrumínjar	10
Umraeða – Mótvægisaðgerðir	11
Válistategundir	12
Valkostir	13
Heimildir	14
Viðaukar	14
Viðauki I. Fuglalisti	14
Viðauki II. Vetrarfuglar	19
Viðauki III. Fyrirspurn um válistafugla	20

Ljósmyndir eru teknar af höfundi. Forsíðumyndin er af kríu á varpstað.

Útdráttur

Fjallað er um vegarstæði fyrirhugaðs Suðurstrandarvegar, milli Grindavíkur og Þorlákshafnar. Ein veglína er til umsagnar á austurhluta athugunarsvæðis, en vestanmegin eru þær a.m.k. tvær.

Athuganir voru að mestu gerðar í júní 2000, en einnig voru eldri gögn könnuð, jafnt birt sem óbirt. Í niðurstöðum er athugunarsvæðinu skipt í sex hluta: 1. Grindavík – Festarfjall, 2. Festarfjall-Eldborg, 3. Krýsuvíkurberg, 4. Eldborg – Hlíðarvatn, 5. Hlíðarvatn og Selvogur, og loks 6. Selvogur – Þorlákshöfn. Birtar eru niðurstöður sniðtalninga í 1. og 4. töflu. Í 2. töflu sjást talningar á bjargfugli í Krýsuvíkurbergi, byggðar á gögnum frá Arnþóri Garðarssyni. Í 3. töflu eru sýndar niðurstöður talningar á Vogsósum og í viðauka II. niðurstöður sjö talninga að vetrarlagi, að hluta byggðar á gögnum frá Náttúrufræðistofnun.

Lítillega er fjallað um spendýr og kafli er um svæði á náttúruminjaskrá og skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði.

Sérstaklega er lögð áhersla á mikilvægi þriggja svæða fyrir fuglalíf á áhrifasvæði Suðurstrandarvegar og lagðar til mótvægisáðgerðir vegna þeirra. Fyrsti staðurinn er kríuvarpið við Hraun austan Grindavíkur. Lagt er til, að veglínan verði færð útúr varpinu og vegurinn lagður sem næst Húsafjalli. Einnig að sett verði upp aðvörunaraskilti fyrir vegfarendur, þegar vegurinn er tilbúinn. Annar staðurinn er Krýsuvíkurberg. Þar er lagt til, að veglínan fjærst bjarginu og ströndinni verði valin, en aðalhættan er talin vera vegna aukins umgangs og hugsanlegs „vandalisma“ í bjarginu. Þriðja svæðið er Hlíðarvatn. Þar er ríkulegt fuglalíf allt árið um kring og eini vetrardvalarstaður fugla á áhrifasvæði vegarins. Talið er að vatnið og umhverfi þess sé viðkvæmasta svæðið fyrir röskun á veglínunni. Lagt er til, vegurinn verði lagður sem fjærst vatninu á eiðinu sunnan þess. Hlífa þarf leirum við vatnið hjá Vogsósum, brú yfir ána þarf að vera nógu löng til að hún hindri ekki umferð fugla og eðlilegt vatnsrennslu og mannvirki á eiðinu mega ekki hindra flug lágfleygra fugla til og frá vatninu. Loks er nefnt vægi kríu-, skúms- og svartbakavarps vestan Þorlákshafnar og mikilvægi hrauna sem búsvæðis.

Fjallað er um svonefndar válistategundir, sem nefndar eru í válista Náttúrufræðistofnunar um fugla. Ekki er talið, að vegarlagningin hafi mikil áhrif á neinn þeirra fugla sem nefndir eru í listanum, en gæti haft nokkur áhrif á himbrima, gulönd, svartbak og hrafni, svo og hugsanlegt landnám arna á gömlum varpstöðvum. Himbrimi og gulönd eru að mestu bundnir við Hlíðarvatn og nágrenni, svartbakur verpur vestan Þorlákshafnar og hrafni hér og þar í klettum og hraunum. Á aðra fugla, sem nefndir eru í listanum og finnast á áhrifasvæði vegarins, mun hann hafa lítil eða engin áhrif.

Í lok skýrslunnar eru valkostir ræddir. Í viðaukum eru síðan fuglalisti, niðurstöður nokkura vetrartalninga á fuglum á Hlíðarvatni og í Selvogi og bréf Náttúrufræðistofnunar vegna válistafugla.

Inngangur

Samkvæmt beiðni Valtýs Þórissonar, fyrir hönd Vegagerðarinnar, tók undirritaður að sér að gera úttekt á fuglalífi á fyrirhuguðu vegastræði Suðurstrandarvegar, milli Grindavíkur og Þorlákshafnar. Stuttur fyrirvari var að beiðninni, verkáætlun var samin 7. júní 2000 og hafist handa við athuganir fjórum dögum síðar eða 11. júní og stóðu athuganir til 17. júní. Aðeins var gert ráð fyrir athugunum á varpfuglum í júní, að öðru leiti stuðst við fyrirliggjandi gögn. Lítils háttar athuganir voru þó gerðar á öðrum tínum, til að fá fyllri mynd af fuglalífinu.

Árið 1989 kom út skýrsla, sem fjallaði um náttúrufar á Reykjanesi, frá Höfnum austur að sýslumörkum Gullbringu- og Árnæssýslna (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1989). Upplýsingum um fugla vegna skýrslugerðarinnar var safnað sumarið 1987. Aðrar helstu heimildir um fuglalífi á vegastræðinu má finna í riti um „útbreiðslu varpfugla á Suðvesturlandi, könnun gerð 1987-1992“ (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 1994), um sjófuglabyggðir Suðurkjálkans ritaði Arnþór Garðarsson (1984), Arnþór Garðarsson & Guðmundur A. Guðmundsson (1991) könnuðu vorfar vaðfugla og niðurstöður fuglatalninga að vetrarlagi má m.a. finna hjá Ævari Petersen & Gauki Hjartarsyni (1989, 1993). Stuðst var við ýmis önnur gögn, birt og óbirt, sem getið er um á viðeigandi stöðum. Ef engra heimilda er getið, eru upplýsingar úr fórum undirritaðs. Eftirfarandi tóku þátt í fuglaathugunum: Einar Ó. Þorleifsson, Erpur Snær Hansen, Gunnlaugur Pétursson, Hálfdán Björnsson, Hannes Þór Hafsteinsson, Helgi Guðmundsson, Ólafur Einarsson o.fl. Ólafur Karl Nielsen las yfir drög að skýrslunni. Ingibjörg E. Björnsdóttir hjá Línuhönnun og Valtýr Þórisson hjá Vegagerðinni voru tengiliðir við verkkaupa.

Aðferðir og athugunarsvæði

Athuganir hófust 11. júní 2000 og voru farnar fjórar vettvangsferðir fram til 17. júní. Þann 31. ágúst var hluti svæðisins skoðaður og 1. september var farið til að skoða Hlíðarvatn og spjalla við bændur í Vogsósum. Loks var ein vetrarathugun, talið var á Hlíðarvatni 29. mars 2001, aðallega til að kanna stöðu andfugla á vatninu.

Skrá yfir athuganir tengdar verkefninu:

- 11. júní 2000 Þorlákshöfn og nágrenni, að Selvogsvita.
- 13. júní 2000 Grindavík að Kleifarvatnsvegamótum
- 14. júní 2000 Kleifarvatnsvegamót – Hlíðarvatn – Vogsósar
- 17. júní 2000 Þorlákshöfn og nágrenni, hætt við útaf jarðskjálftanum.
- 1. sept. 2000 Hlíðarvatn, Vogsósar, spjallað við ábúendur
- 29. mars 2001 Talið á Hlíðarvatni

Talningar á mófuglum á mælisniðum fóru þannig fram, að gengin var sniðlina, sem oftast var veglínan. Allir mófuglar voru taldir hundrað metra til hvorrar handar (200m belti), en fuglar utan sniðsins voru einnig taldir, skráð var hvort þeir væru með varpatferli eða ekki. Aðrir fuglar en mófuglar voru einnig skráðir. Kríur voru taldar sérstaklega á mjórra sniði í varpinu við Hraun. Niðurstöður eru síðan settar fram sem þéttleiki (pör) á ferkilómetra.

Til hægðarauka er vegarstæðinu skipt í sex hluta í umfjöllun: 1. Grindavík – Festarfjall, 2. Festarfjall-Eldborg, 3. Krýsuvíkurberg, 4. Eldborg – Hlíðarvatn, 5. Hlíðarvatn og Selvogur, og loks 6. Selvogur – Þorlákshöfn.

Niðurstöður

1. Grindavík – Festarfjall

Kríuvarpið við Hraun var talið í júní 1987 og stærð þess afmörkuð (KHS & ÓE 1989). Nú var reynt að meta, hvort flatarmál varpsins væri svipað og hvort breyting hefði orðið á tölu varppara. Talið var á sniði á úttagðri veglínú 13. júní. Sniðið var 3 m breitt og 300 m langt eða 900 m². Sniðið var í vestur frá núverandi veginum, frá stöð 3950 og að hraunbrún við stöð 3650. Alls fundust 12 hreiður á sniðinu. Það gera 130 hreiður á hektara. Hugsanlega er varpið þéttara á þessum slóðum, en víða annars staðar, þó það verði ekki fullyrt. Undirritaður telur, að flatarmál varpsins hafi aukist frá 1987, aðallega í austur, en hann var annar talningarmanna þá. Varpið þá var 36 ha, en varla minna en 40 ha árið 2000. Varpið nú er því varla undir 4000 pörum, en það var áætlað 2900 pör árið 1987 (14 hreiður á 1750 m², 80 hreiður á ha).

Slæðingur af kríu varp í hrauninu vestan stöðvar 3650 og nærri stöð 3000 var einnig dreift kríuvarp, nokkrir tugir para.

Mófuglar voru taldir 13. júní á sniði eftir veglínunni milli stöðvar 3950 og 3000 og þaðan að geymslusvæði við Brekkubúa. Sniðið var 200 m breytt og 1250 m langt, alls 25 ha eða fjórðungur úr ferkílómetra. Það var um gróið hraun og mólendi. Alls fundust 14 pör 7 tegunda mófugla á sniðinu, sem gera 56 pör/km², sjá niðurstöður í 1. töflu. Talið var milli kl. 17:00 og 18:15. Vafalaust eru tegundir eins og hrossagaukur og þúfutittlingur vantaldir, en tímasetning skiptir miklu máli varðandi sýnileika þessara fugla.

1. tafla. Talningar á mælisniðum vestan Hrauns 13. júní 2000 og í Ögmundarhrauni 18. júní 1987 (Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Ólafur Einarsson 1989).

	V. Hrauns 13. júní 2000		Ögmundarhraun 18. júní 1987	
Fuglar	Pör á sniði	Þéttleiki á km ²	Pör á sniði	Þéttleiki á km ²
Sandlöa	1	4		
Heiðlöa	5	20		
Hrossagaukur	2	8		
Spói	1	4		
Stelkur	3	12		
Þúfutittlingur	1	4	3	6
Steindepill	1	4	1	2
Snjótittlingur			2	4
Samtals	14	56	6	12

Fyrra sniðið var að hluta gegnum kríuvarp, sjá að ofan.

Sumarið 1987 voru tekin tvö snið á Hópsheiði (Kristinn Haukur Skarphéðinsson & Ólafur Einarsson 1989). Norðurendi beggja var í Melhól, en suðurendinn nærri fyrirhuguð vegarstæði. Þéttleiki var minni en á sniðinu frá júní 2000. Bæði skógarþróstur og snjótittlingur fundust 1987, en ekki 2000.

Árið 1987 urpu í Festarfjalli og Lambastapa 643 fýlspör, 91 silfurmáfspær, 33 ritupör, fáeinir tugir af teistum og hundruð lundapara. Hugsanlega einnig toppskarfar og álkur (Kristinn Haukur Skarphéðinsson & Ólafur Einarsson 1989). Sumarið 2000 voru þessir staðir ekki skoðaðir sérstaklega.

Hraunsvík er mikilvægur vetrardvalarstaður fugla, m.a. skarfa, æðarfugla, hávella, straumanda og teista (Arnþór Garðarsson 1984).

2. Festarfjall – Eldborg

Austan Festarfjalls og langleiðina að Eldborg er veginum ætluð leið um mosagróið hraun (Ögmundarhraun), en austast, uppf af Krýsuvíkurbergi, er landið hálfgrónir mlar, móleni og graslendi. Fuglalif í hrauninu er fremur lítið, eins og fram kom í sniðtalningu sem gerð var í júní 1987 (1. tafla). Einungis fundust þrjár tegundir á sniðinu sjálfu, en þrjár til viðbótar nærrí því. Mófuglar voru ekki athugaðir sérstaklega að þessu sinni, en auk þeirra fugla, sem komu fram í sniðtalningunni, sá undirritaður rjúpukarra með varpatferli nærrí Einbúa og fann 2 drepnar rjúpur skammt frá Katlahrauni.

Talsvert fýlavarp er í fjallinu Slögu, norðan vegarstæðisins. Hinn 13. júní 2000 voru fýlasetur talin í fjallinu og reyndust þau vera 320. Auk þess sást eitt silfurmáfspær í fjallinu. Árið 1987 voru fýlspörin 283 og silfurmáfspörin fimm.



Rauðaskriða í Krýsuvíkurbergi.

3. Krýsuvíkurberg

Krýsuvíkurberg er stærsta fuglabjarg frá Vestmannaeyjum og vestur um til Látrabjargs. Bjargið er á náttúrumuinjaskrá og skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (heim). Í 2. töflu eru nýjustu tölur um varpfugla í Krýsuvíkurbergi. Par verpa um 58.000 pör af 9 tegundum sjófugla. Sendlingur og snjótíttingur eru meðal varpfugla ofan bjargbrúna. Bjargið er aðgengilegt til skoðunar fyrir áhugamenn, auðvelt er að komast að því og ganga með brúnum þess. Björgunarsveit úr Hafnarfirði nýtir bjargið til eggjatöku og er það nokkuð umdeilt.

2. tafla. Varpfuglar í Krýsuvíkurbergi, tölur eiga við pör.

Fuglar	Varppör	Talið ár	Heimild
Fyll	3000	1977	Arnþór Garðarsson 1984
Toppskarfur	150	1977	Arnþór Garðarsson 1984
Silfurmáfur	150	1977	Arnþór Garðarsson 1984
Rita	21070	1985	Arnþór Garðarsson 1996
Langvíá	20000	1985	Arnþór Garðarsson 1985
Stuttnefja	2600	1985	Arnþór Garðarsson 1985
Álka	8700	1985	Arnþór Garðarsson 1985
Teista	x	-	
Lundi	2000	-	Arnþór Garðarsson óbirt
Samtals	57670		

4. Eldborg – Hlíðarvatn

Austur frá Eldborg er veginum ætluð leið að mestu um Krýsuvíkurhraun. Fyrst í stað er það gróskumikið apalhraun með talsverðum lyngbollum og gróðurflesjum, víða með lágvöxnú kjarri, mun gróskulegra en Ögmundarhraun. Þegar nær dregur Herdísarvík, austan friðlands- og hreppamarka, er hraunið mosagróið apalhraun, en helluhraun nær víkinni. Við lauslega athugun á varpfuglum í gróskulega hluta hraunsins, fundust heiðlöa, þúfutittlingur og skógarþröstur með varpatferli. Stelkur og kjói sáust, en vænta má rjúpu, spóa, steindepils og snjótíttlings í þessu kjörlendi. Smyrill hefur fundist verpandi í sláttudal (Ólafur Karl Nielsen, munnl.). Fýlar verpa í Herdísarvíkurfjalli, ekki var gerð tilraun til að meta stærð varpsins, en pörin skipta einhverjum hundruðum.



Rituger við Vogsósa

5. Hlíðarvatn og Selvogur

Hlíðarvatn er eina stöðuvatnið á vegarstæðinu og fuglalíf þar er mjög fjölbreytt árið um kring. Þar er meðal annars eini varpstaður himbrima á Suðvesturhorninu sunnan Elliðavatns og Þingvallavatns. Meðal annarra varpfugla má nefna fýl, álf, grágæs, stokkond, duggönd, æðarfugl, hávellu, toppönd, hettumáf, sílamáf, silfurmáf, svartbak,

kríu og marga mófugla. Í 3. töflu eru sýndar niðurstöður talningará ánni við Vogsósa og á ósnum sjálfum 14. júní. Í 4. töflu sjást síðan niðurstöður talningará mófuglum og öðrum fuglum á sniði á grandanum sunnan Hlíðarvatns sama dag. Sniðið var 1700 m langt og 200 m breytt, alls 34 ha.

3. tafla. Fuglar við Vogsósa. Talningar á fuglum á ánni sem rennur úr Hlíðarvatni og ós hennar 14. júní 2000.

Fuglar	Við Vogsósa (á ánni)	Vogsósinn	Athugasemdir
Stokkond		5	
Straumönd		52	
Æður		400	
Gulönd		5	
Toppönd		12	
Tjaldur		4	2 varppör
Sandlöa		4	2 varppör
Sendlingur		5	
Lóuþræll		2	
Jaðrakan	1		
Kjói	2		
Stelkur	1		
Skúmur	1		
Hettumáfur	1		
Stórir máfar	70	150	
Rita	900	1200	
Kría	40	50	
Samtals	1016	1889	

4. tafla. Péttleiki mófugla á sniði og aðrir fuglar á eiðinu sunnan Hlíðarvatns 14. júní 2000.

Fuglar	Varppör með óðul	Péttleiki á km ²	Aðrir fuglar
Stokkond			par m. varpatferli
Æður			margir á flugi
Heiðlöa	3	9	1
Sandlöa	2	6	
Spói	3	9	
Stelkur	1	3	1
Kjói			1
Skúmur			1
Rita			hundruð
Maríuerla	2	6	
Samtals	11	33	

Talsvert æðarvarp er í hólum austanmegin í Hlíðarvatni og er varpið nýtt frá Vogsósum. Að sögn Jóhönnu Eiríksdóttur, húsfreyju á Vogsósum, fást um 8 kg af dún úr varpinu og er það sennilega um 500 hreiður.

Allstórt kríuvarp er við byggðina í Selvogi, það nær frá Strandarkirkju og austur að Þórðarkoti. Varpið er mest í grónu landi sunnan vegar með byggðinni, en talsvert varp er einnig norðan vegar, þar sem það teygir sig inná lítt gróið land. Ekki var gerð tilraun til að meta stærð varpsins, en þórin skipta hundruðum eða jafnvel örfáum þúsundum.

Annað kríuvarp er við Vogsósa. Samkvæmt Jóhönnu hús freyju, urpu þær áður þúsundum saman á sandinum, en hafa nú sest að á túnum og graslendi heima við bæ. Þetta er sennilega svipuð þróun og hefur orðið í varpinu austar og er líklega viðbrögð kríunnar við auknum ágangi tófu. Vegurinn mun fara framhjá báðum þessum vörpum.

Mikil umferð farfugla er um Hlíðarvatn og Selvog vor og haust, en hún var ekki könnuð sérstaklega fyrir þessa úttekt. Samkvæmt upplýsingum frá Jóhönnu, húsfreyju á Vogsósum, hafa grágæs, helsingi og heiðagæs viðkomu á vorin, en aðallega grágæs á haustin. Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson (1991) töldu vaðfugla með ströndum fram í maí 1990. Þeir fundu alls 5113 vaðfugla í fjörunni frá Selvogsvita að Vogsósum. Þar af voru 4430 rauðbrystingar, eða 1,7 % allra rauðbrystinga sem fundust á landinu í talningunni. Auk þess sáust 202 tildrur (1,1 %) og 481 aðrir vaðfuglar. Þetta eru samtals 1,5 % allra vaðfugla sem fundust í heildartalningu á landinu öllu í maí 1990. Sé þessi eða svipaður fjöldi árviss, **telst Selvogurinn hafa alþjóðlegt gildi fyrir rauðbrysting og tildru**.

Á veturna er mikið fuglalíf á Hlíðarvatni og í Selvogi. Í viðauka II eru sýndar niðurstöður fjölgurra fuglatalninga um hávetur, sem upplýsingar voru til um, frá Herdísarvík austur að Strandarkirkju (1972) eða Selvogsvita (hin árin), ásamt Hlíðarvatni (Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989,1993). Auk þess eru í töflunni talningar á Hlíðarvatni eingöngu frá 30. mars 1980 og 29. mars 2001. Vakir eru ávalt á vatninu og þar halda sig hópar af öndum á veturna. Þar er annar aðalvetrardvalarstaður duggandar á landinu, hinn er í Ósum við Hafnir á Reykjanesi.

Hlíðarvatn er mikilvægur baðstaður máfa á ýmsum tínum. Hinn 14. júní 2000 voru t.d. alls um 5000 ritur á vatninu, ánni og ósnum. Í mars 1980 sáust um 7500 stórir máfar (sílamáfur, silfurmáfur, bjartmáfur, hvítmáfur og svartbakur) og í mars 2001 voru þeir um 2000.

6. Selvogur – Þorlákshöfn

Landið frá Selvogi og austur að Þorlákshöfn er að mestu sandorpið helluhraun og fremur gróðurlítið, einkennisjurt er melgresi. Nokkur lítil björg eru við sjóinn, þar sem verpur lítilsháttar bjargfugl. Næst Þorlákshöfn er landið grónara.

Uppaf Keflavík, nærrí stöð 55.000 samkvæmt blárrí veglinu, fundust sandlóa og snjótítlingur með varpatferli. Kjói sást á flugi. Nær víkinni voru stelkur, þúfutítlingur og maríuerla með varpatferli. Í Keflavík sáust teista og lundi á sjónum. Skammt vestur af Hlein var eitt fylspar í bjargi, auk sitthvors silfurmáfs- og svartbaksparsins. Strjálingur af Skúmi verpur á Hafnarsandi, vestan Þorlákshafnar. Þar urpu 5–10 pör 1985 og 1987. Á svipuðum slóðum urpu a.m.k. 60 svartbakspör 1987, en það er stærsta svartbaksvarp á athugunarsvæðinu (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 1994).

Lág björg eða klettabakkar eru með ströndinni frá Þorlákshöfn vestur undir Selvog. Klettarnir eru hæstir við Hella, þar urpu árið 1983 um 100 sjófuglar, aðallega álka og teista, svolitið af lunda og ritu og örfáir fýlar. Talið er að nokkur toppskarfapör hafi orpið á þessum slóðum 1960 – 65, en þau voru horfin 1983, þó fuglar hafi sést þar eftir það (Arnþór Garðarsson 1984, Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 1994).

Kríuvarp er norðan og vestan Þorlákshafnar og liggur veglínan í gegnum varpið. Giskað var á, að sumarið 2000 yrpu 100 – 200 pör á þessum stað. Nokkuð af mófugli verpur innan um kríuna; heiðlöa, spói, stelkur, hrossagaukur og þúfutittlingur fundust í varpi 17. júní 2000.

Spendýr

Spendýralíf var ekki kannað sérstaklega, en upplýsingum safnað meðfram upplýsingum um fugla. Tófur eru algengar á svæðinu. Þær sækja í fuglaríka staði eins og Krýsuvíkurberg og Hlíðarvatn eftir æti. Tófa sást við þjóðveginn í Selvogi 29. júlí 2001 og höfundur hefur tildeum séð tófur í Krýsuvík og uppfaf bjarginu.

Selir eru alltíðir við ströndina og sérstaklega í Selvogi, bæði útselir og landselir. Upplýsingar um seli í Selvogi í fórum höfundar eru þessar: átján landselir 29. jan. 1978, 10 útselir 28. mars 1981 og aftur 10 útselir 13. feb. 1983. Loks sáust tveir útselir og 5 landselir við Víðisand 14. júní 2000.

Skráðar náttúruminjar

Talsvert af fyrirhuguðu vegarstæði fer um friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá, raunar er það aðeins hraunið milli Hlíðarvatns og Þorlákshafnar sem er ekki á skrá. Því hlýtur að verða að taka tillit til þessa við staðsetningu vegarins og efnisnáma. Stærsta friðlýsta svæðið er Reykjanesfólkvangurinn, um hann segir í reglugerð:

Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi [Náttúruverndar ríkisins] komi til. Undanskilin er hagnýting jarðhita, t.d. í Krýsuvík, og mannvirkjagerð í því sambandi, sbr. þó 29. gr. laga nr. 47/1971. Jafnframt verði ekki haggað þar eðlilegri nýtingu til búrekstrar, réttur til beitar er ekki skertur innan fólkvangsins og áskilinn er í Krýsuvík réttur til starfsemi í almannapágu (svo sem heilsuhæli, skólar, gistiþús o. þ. u. l.). Skipulegur námurekstur, sem rekinn er innan fólkvangsins þegar auglýsing þessi verður birt í Stjórnartíðindum, má þó haldast, enda sé umgengni í samræmi við 18. gr. laga nr. 47/1971.

Önnur friðlýst svæði eru:

Eldborgir undir Geitahlíð, Grindavík. Friðlýstar sem náttúrvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 622/1987. Stærð 10,5 ha.

Herdísarvík, Ölfushreppi, Ánessýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 121/1988. Stærð 4.000 ha.

Eftirfarandi fjögur svæði, á eða nærrí veglínum, eru á náttúruminjaskrá, númer vísa til náttúruminjaskrár 1996 (Náttúruverndarráð 1996, sjá einnig www.natturuvernd.is).

102 Katlahraun við Selatanga, Grindavík. (1) Austurmörk fylgja mörkum Reykjanesfólkvangs að þjóðvegi, eftir honum að vesturenda Skálamælifells. Vesturmörk frá vesturenda Skálamælifells til sjávar í Veiðibjöllunef. (2) Stórbrotið landslag, hrauntjarnir og hellar. Friðaðar söguminjar við Selatanga.

103 Hraunsvík og Festarfjall, Grindavík. (1) Fjaran í Hraunsvík frá Hrauni að Lambastapa, ásamt kríuvarpi á Hraunssandi vestan Hrólfsvíkur. Suðurhluti Festarfjalls. (2) Sjávarhamrar og brimrofin eldstöð, Festarfjall. Fjölbreytt sjávarlíf. Fjölsóttur náttúruskoðunarstaður.

757 Hafnarnes við Þorlákshöfn, Ölfushreppi, Ánessýslu. (1) Svæðið sunnan byggðar í Þorlákshöfn vestur að Flesjum. (2) Útvistarsvæði í grennd við þéttbýli.

758 Stakkavík og Hlíðarvatn í Selvogi, Ölfushreppi, Árnessýslu. (1) Jörðin Stakkavík ásamt Hlíðarvatni. (2) Á svæðinu er að finna allar helstu gerðir lífsamfélaga á Reykjanesskaga

Krýsuvíkurberg er á skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (Ólafur Einarsson 2000). Bjargið er á skránni vegna þess að þar verpur meira en 1% af heimsstofni ritu, langvíf og álku. Eins og að framan er getið, er spurning hvort Hlíðarvatn og Selvogur ættu ekki einnig heima á skránni, m.a. vegna fjölda rauðbrystings og tildru, sem þar hefur viðkomu á vorin. Þar er einnig helsti vetrardvalarstaður duggandar hérlandis, auk annars ríkulegs fuglalífs og telst svæðið því mikilvægt á landsvísu.

Umræða – Mótvægisáðgerðir

Á vegarstæði Suðurstrandarvegar skiptast á fuglarík svæði og svæði með strjálu fuglalífi. Prír staðir standa uppúr hvað fuglalíf varðar. Það eru kríuvarpið við Hraun, Krýsuvíkurberg og Hlíðarvatn. Einnig er talsvert fuglalíf vestan Þorlákshafnar. Þó hraunin séu ekki sérlega fuglarík, er þó gildi þeirra sem búsvæðis allmikið. Til að framkvæmdir hafi sem minnst áhrif á fuglalíf, er lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

- **Kríuvarpið við Hraun.** Ef núverandi hugmynd um veglinu verður fylgt, mun vegurinn liggja þvert í gegnum kríuvarpið, eins og nú er. Þetta skapar bæði hættu fyrir vegfarendur og ógnar varpinu talsvert, en það er eitt hið stærsta á Suðvesturlandi. Lagt er til, að vegurinn verði lagður sem fjærst varpinu. Með því að leggja hann sem næst rótum Húsafjalls, er hann í jaðri kríuvarpsins og í raun færist hann þá að mestu útúr varpinu, en núverandi vegur liggur í gegnum varpið. Halda þarf framkvæmdum í lágmarki við varpið á varptíma kríu, frá 15. maí til a.m.k. 15. júlí. Æskilegt væri, að setja upp aðvörunarskilti beggja vegna varpsins, en kríur, sérstaklega ungar, sækjast mikið eftir að sitja á vegum þar sem hann liggur um þétt vörp. Sem dæmi má nefna, að síðsumars liggja dauðar kríur í hrönnum á veginum austan Víkur í Mýrdal. Einnig mætti lækka hámarkshraða á þessum slóðum í júní og júlí.
- **Krýsuvíkurberg.** Vegurinn mun ekki hafa bein áhrif á bjargið, aðalhættan hér stafar af aukinni umferð og væntanlega bættu aðgengi að bjarginu. Fuglabjörg í nánd við þéttbýli eru töluvert útsett fyrir „vandalisma“ og hefur Krýsuvíkurberg ekki farið varhluta af því, en nú þegar er akfært á öllum bílum að vesturenda bjargsins. Felst vandalisminn aðallega í því, að skotið er á fugla af bjargbrún, en einnig öðrum illvirkjum gegn fuglum. Aukin umferð með lagningu Suðurstrandarvegar gæti því þýtt aukna hremmingu fyrir fugla. Besta mótvægið væri sennilega, að hafa veginn sem fjærst bjarginu. Þegar hefur sú veglína, sem sett var sem næst bjarginu, verið flutt fjær (rauður/grænn valkostur). Hér er þó er mælt með þeim kostum, sem fjærst liggja bjarginu, gulum og bláum valkostum.



Ritur á flugi yfir leiru við Vogsósa, Hlíðarfjall fjær.

- **Hlíðarvatn.** Þetta er líklega viðkvæmasti staðurinn á öllum veginum. Ekki skal mælt með því sérstaklega, að gamli vegurinn verði endurbyggður, þar sem hann liggur undir bröttum hlíðum Hlíðarfjalls. Sennilega yrði meiri röskun af því að leggja veginn útí vatnið á þessum slóðum, heldur en fylgia eiðinu milli vats og sjávar, eins og áætlað er. Mikil umferð fugla er á þessari leið, bæði loftleiðina yfir eiðið og svo eftir ánni (ósnum). Afar litlar mannaferðir hafa til þessa verið um eiðið. Með lagningu vegar eftir eiðinu skapast nokkur árekstrarhætta við lágfleyga fugla eins og æðarfugl. Eftirfarandi atriði þarf sérstaklega að hafa í huga við hönnun vegarins þarna:
 1. Að leggja veginn sem fjarst vatninu. Lagt er til að farið verði sunnan og vestan við sandhólana, en til vara að fylgt sé eldri valkost, sem fer aðeins fjær vatninu, sjá kort.
 2. Að hlífa leirunni vestur af Vogsósum. Í kjölfar 1. er lagt til að vegurinn verði lagður sem næst sjávarströndinni, þannig að hann komi vestur og suður af sandhólunum á Alnboga.
 3. Að brúin yfir ána (ósinn) verði nágu löng til að hún hindri ekki vatnsrennsli og umferð fugla um ána.
 4. Forðast ber öll mannvirki sem hindra flug fugla. Setja þarf upp aðvörunarskilti við báða enda eiðisins, sem varar við umferð fugla og athuga mætti með lægri hámarkshraða á þessum kafla. Umferð fuglar er þarna allt árið, en ekki bara á varptíma.
- **Nágrenni Þorlákshafnar.** Hlífa þarf kríuvarpinu eins og kostur er, en ekki þykir ástæða til að sveigja veginn framhjá því. Einnig þarf að huga að varpi svartbaka og skúma vestan Þorlákshafnar. Kanna þarf, hvort vegurinn muni liggja í gegnum varpsvæði þessara fugla, en það var ekki skoðað sumarið 2000.
- **Annað.** Hér á undan var lögð áhersla á gildi hraunanna sem búsvæða. Gæta þarf þess, að sem minnst rask verði í hraununum.

Válistategundir

Í eftirfarandi töflu er skráðir allir þeir fuglar, sem þekktir eru frá athugundarsvæðinu og eru skráðir á válista, sem Náttúrufræðistofnun (2000) gaf út. Eingöngu varpfuglar eru á

listanum. Upplýsingar fengust hjá Náttúrufræðistofnun um varpstaði arnar, fálka og hrafns á athugunarsvæðinu (Viðauki III).

5. tafla. Válistafuglar á vegarstæði Suðurstrandarvegar.

Fuglar	Hættuflokkur	Staða á ath.svæði	Hætta vegna vegagerðar	Aðalstaður á ath.svæði
Himbrimi	VU	Varpfugl	Lítill-nokkur	Hlíðarvatn
Skrofa	VU	Sumargestur	Engin	Björgin, á sjó
Sjósvala	VU	Sumargestur	Engin	Á sjó
Stormsvala	VU	Sumargestur	Engin	Á sjó
Súla	VU	Gestur	Engin	Á sjó
Grágæs	VU	Varpfugl	Lítill	Hlíðarvatn
Skutulönd	CR	Flækkingur	Lítill	Hlíðarvatn
Straumönd	LR	Gestur	Lítill	Vogsósar, ströndin
Gulönd	VU	Gestur	Nokkur	Hlíðarvatn
Haförn	EN	Fyrrum varpfugl	Lítill-nokkur	Þrír gamlir staðir
Fálki	VU	Fyrrum varpfugl	Lítill	Þrír gamlir staðir
Svartbakur	VU	Varpfugl	Lítill-nokkur	Hafnarsandur, víðar.
Stuttnefja	VU	Varpfugl	Lítill	Krýsuvíkurberg
Hrafn	VU	Varpfugl	Lítill-nokkur	Nokkrir staðir

Skýringar: Hættuflokkun Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (dálkur 2): CR í bráðri hættu, EN í hættu, VU í yfirvofandi hættu, LR í nokkurri hættu. Flokkun notuð hér (dálkur 4): mikil, nokkur, lítil, engin.

Gamlir varpstaðir arna hafa talsvert verndargildi. Fyrir 1920 urpu um 20 arnapör á SV-landi. Þeim snarfækkaði á næstu árum, aðallega vegna þess að þeir fóru í eitruð hræ, sem voru borin út til að fækka refum. Um 1960 hafði örnum fækkað úr 150 pörum um aldamót niður í 20 pör. Eftir að eitrun á víðavangi var bönnuð hefur örnum farið smáfjölgandi aftur og er varpstofninn nú 40-45 pör. Ernir leita nær alltaf á gamla varpstaði, þegar þeir nema „ný lönd“. Því er litið á gömul arnarsetur sem líklega framtíðarvarpstaði fyrir erni. Engar reglur eru til um, hversu nærri gömlum arnarsetrum megi leggja vegi eða vera með aðrar framkvæmdir, en nokkur brögð hafa verið að vegagerð of nærri gömlum arnarsetrum. Nú er bannað að koma nær arnarhreiðrum en 500 m og ætti það að vera lágmarksviðmiðun fyrir vegagerð við gömul arnarsetur.

Fálkar nýta sér einnig rótgróna varpstaði, en engum þeirra mun ógnað verulega með vegagerðinni, sjá viðauka III.

Valkostir

Frá Grindavíkurvegi að Ísólfskála er aðeins ein veglína inní myndinni. Austan Ísólfskála að Stóru-Eldborg eru 2 valkostir til skoðunar. Útfrá fugla- og náttúruverndarsjónarmiðum, er mælt með nyrðri leiðinni, fjær sjónum. Að leggja engan veg, svokallaður „núllkostur“, er engin samgöngubót, þar sem núverandi vegur er víða hálfgerður slóði og stundum ófær vegna snjóa og aurbleytu.

Heimildir

- Arnbór Garðarsson 1984. *Fuglabjörg Suðurkjálkans*. Árbók Ferðafélags Íslands 1984: 127-160.
- Arnbór Garðarsson 1995. *Svarfugl í íslenskum fuglabjörgum*. Bliki 16: 47-65.
- Arnbór Garðarsson 1996. *Ritubyggðir*. Bliki 17: 1-16.
- Arnbór Garðarsson & Guðmundur A. Guðmundsson 1991. *Yfirlit um gildi einstakra fjörusvæða fyrir vaðfugla*. - Talningar á vaðfuglum í maí 1990, áfangaskýrsla, 23 bls. + töflur, viðaukar og kort.
- Gunnlaugur Pétursson & Gunnlaugur Práinsson 1999. *Sjaldgæfir fuglar á Íslandi fyrir 1981*. Fjöldrit Náttúrufræðistofnunar nr. 37, 246 bls.
- Kristbjörn Egilsson (ritstj.), Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Haukur Jóhannesson, Ólafur Einarsson & Agnar Ingólfsson 1989. *Náttúrufar á sunnanverðum Reykjanesskaga*. Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir Samvinnunefnd um skipulagsmál á Suðurnesjum, 85 bls.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson & Jóhann Óli Hilmarsson 1994. *Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi*. *Könnun 1987-1992*. - Fjöldrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 25, 126 bls.
- Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Skarphéðinn G. Þórisson, Sverrir Thorstensen og Stanley A. Temple 1990. *Breeding biology, movements, and persecution of ravens in Iceland*. Acta Naturalia Islandica 33, 34 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. *Válisti 2. Fuglar*. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 103 bls.
- Náttúruverndaráð 1996. *Náttúrumínjaskrá*. *Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúrumínjar*. Reykjavík, 7. útgáfa, 64 bls.
- Ólafur Einarsson 2000. *IBAs in Iceland*. Bls. 341-363 í: M. F. Heath and M. I. Evans (ritstj.). *Important Bird Areas in Europe: Priority sites for conservation*. (Um Ísland í: Skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði í Evrópu). - BirdLife International, Cambridgē.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989. *Vetrarfuglatalningur 1987*. Fjöldrit Náttúrufræðistofnunar nr. 11.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1993. *Vetrarfuglatalningur 1989*. Fjöldrit Náttúrufræðistofnunar nr. 23.

Viðauki I. Fuglalisti.

Aðallega byggt á Kristni Hauki Skarphéðinssyni o.fl. 1994, Kristbirni Egilssyni o.fl. 1989, Gunnlaugi Péturssyni og Gunnlaugi Práinssyni 1999, vetrarfuglatalningum, auk eigin athugunum, bæði þeim sem gerðar voru fyrir þessa úttekt, svo og eldri gögnum.

- 1. Lómur Vetrargestur.** Sést á sjó með ströndinni.
- 2. Himbrimi Varpfugl á Hlíðarvatni**, vetrargestur á sjó með ströndinni.
- 3. Flórgoði Sjaldgæfur fargestur á Hlíðarvatni**, hefur sést bæði vor og haust.
- 4. Fýll Mjög algengur varpfugl**, sést allt árið. Verpur m.a. í Festarfjalli, Slögu, Krýsuvíkurbergi, Hlíðarfjalli og vestan Þorlákshafnar.
- 5. Skrofa Sumargestur.** Sést við ströndina frá apríl og fram eftir sumri.

6. **Urðarskrofa** *Sjaldgæfur flækingur.* Stök urðarskrofa sást á flugi við Krýsuvíkurberg 24. júlí 1988.
7. **Sjósvala** *Sumargestur.* Hefur verið tæld með eigin hljóðum að Krýsuvíkurbergi síðsumars, en þar eru á ferð geldfuglar á flakki milli varpa í N-Atlantshafi, ekkert bendir til varps.
8. **Stormsvala** *Sumargestur.* Sama á við hana og sjósvölu.
9. **Súla** *Sést allt árið við ströndina.* Er algengust frá vori framá haust.
10. **Dílaskarfur** *Vetrargestur, sést einnig á öðrum árstímum.* Algengur víða með ströndum fram. Talið er, að dílaskarfur hafi orpið í Krýsuvíkurbergi fyrrum.
11. **Toppskarfur** *Varpfugl í Krýsuvíkurbergi, vetrargestur.* Um 150 pör verpa í Krýsuvíkurbergi og lítilsháttar varp var vestan Þorlákshafnar fram yfir 1960. Algengur með ströndum fram á veturna, t.d. í Hraunsvík og í Selvogi.
12. **Nátthegri** *Sjaldgæfur flækingur.* Ungur fugl sást við Hlíðarvatn 17. október 1976. Það var í annað sinn sem þessi tegund sást hérlandis.
13. **Álf** *Varpfugl á Hlíðarvatni, vetrar- og fargestur.* Álf er sjaldgæf á Reykjanesskaga, hún verpur við Kleifarvatn og Hlíðarvatn sunnan megin. Slæðingur sést á Hlíðarvatni á veturna.
14. **Heiðagæs** *Fargestur á vorin* Sést helst við Hlíðarvatn á vorin.
15. **Grágæs** *Varpfugl, fargestur.* Varpfugl við Hlíðarvatn, farfuglar sjást þar vor og haust.
16. **Helsingi** *Fargestur á vorin við Hlíðarvatn.*
17. **Brandönd** *Sjaldgæfur vetrargestur.* Karl fugl sást við Vogsósa 11. janúar 1960.
18. **Rauðhöfðaönd** *Vetrargestur á Hlíðarvatni.* Hinn 30. desember 1987 sáust alls 650 rauðhöfðar á Hlíðarvatni, sem er stór hluti vetrarstofnsins. Yfirleitt hafa fuglarnir verið færri.
19. **Ljóshöfðaönd** *Flækingsfugl á Hlíðarvatni.*
20. **Urtönd** *Sjaldgæfur vetrargestur á Hlíðarvatni.* Aðeins er getið um einn fugl í vetrartalningunum í viðauka II.
21. **Stokkönd** *Algengur varpfugl og vetrargestur á Hlíðarvatni.* Stokkendur eru sjaldséðar annars staðar á athugunarvæðinu nema í Grindavík, þar sem þær eru vetrargestir.
22. **Brúnönd** *Flækingsfugl á Hlíðarvatni.* Kvenfugl sást 17. október 1980.
23. **Skutulönd** *Flækingsfugl á Hlíðarvatni.* Þrír karlfuglar 30. mars 1980.
24. **Hringönd** *Flækingsfugl á Hlíðarvatni.* Kvenfugl 15.-18. október 1980.
25. **Skúfönd** *Vetrargestur á Hlíðarvatni, fargestur.* Fáeinir skúfendur halda sig með duggandarhópnum á veturna. Farfuglar sjást sennilega bæði vor og haust.
26. **Duggönd** *Vetrargestur á Hlíðarvatni, hefur orpið þar, fargestur.*
Duggandarhópurinn, sem hefur að jafnaði vetursetu á Hlíðarvatni, er annar tveggja vetursetuhópa dugganda hér á landi, sem eitthvað kveður að. Hinn er á Ósum á Reykjanesi. Farfuglar sjást sennilega bæði vor og haust. Flestar voru duggendurnar í mars 2001, alls 145.
27. **Æðarfugl** *Algengur varpfugl á Hlíðarvatni, sést með ströndinni árið um kring.*
Talsvert æðarvarp er í hólmum austanmegin í Hlíðarvatni og er varpið nýtt frá Vogsósum. Það mun vera um 500 hreiður. Nokkuð æðarvarp mun vera annars staðar í Selvogi og sennilega víðar með ströndinni, því kollur með unga sjást t.d. undir Krýsuvíkurbergi. Hinn 14. júní 2000 voru um 400 æðarfuglar í Vogsósi og um

300 fuglar undan Víðisandi. Það voru um 70-80 % blikar, sem gæti bent til þess að þeir felli flugfjaðrir á þessum slóðum. Æðurin er einn algengasti fuglinn í Selvogi í vetrartalningunum.

- 28. Æðarkóngur.** *Sjaldgæfur vetrar- og vorgestur.* T.d. sást bliki á Hlíðarvatni 23.maí 2000.
- 29. Straumönd** *Vetrargestur, sést líka að sumarlagi.* Straumönd er algeng í Selvogi að vetrarlagi, frá fyrri hluta september til miðs maí. Þær eru einnig tíðar við Grindavík, t.d. í Hraunsvík. Það kom nokkuð á óvart, þegar 52 straumendur sáust í Vogsósi 14. júní 2000. Af 36 kyngreindum fuglum voru 20 steggir og 16 kollur. Ekki er kunnugt um varp neins staðar nærrí, svo þetta eru hugsanlega fuglar, sem fella þarna flugfjaðrir.
- 30. Hávella** *Varpfugl á Hlíðarvatni, vor- og vetrargestur.* Hávellur verpa öðru hverju við Hlíðarvatn, en voru algengari áður fyrr á vatninu og einnig á Herdísarvíkurtjörn. Tugir fugla sjást á vatninu á vorin og þær eru algengar á veturna, geta þá skipt hundruðum. Hávellur eru einnig algengar í Hraunsvík á veturna.
- 31. Korpönd** *Sjaldgæfur vetrargestur í Hraunsvík.* Korpandarsteggur hefur haldið til á víkinni í þrjá vetur þegar þetta er ritað, frá 1998 – 2001.
- 32. Krákond** *Sjaldgæfur flækkingur.* Kvenfugl var í Herdísarvík 8. október 1977.
- 33. Hvinönd** *Alltíður vetrargestur á Hlíðarvatni.* Sést e.t.v. flesta vetur, frá október – mars/apríl.
- 34. Toppönd** *Varpfugl á Hlíðarvatni, sést árið um kring.* Algeng í Selvogi og við Grindavík á veturna.
- 35. Gulönd** *Vetrargestur á Hlíðarvatni, en sést líka á öðrum árstímum.* Gulönd er ferskvatnsfugl og ein af sjaldgæfari öndum sem verpa hérlandis. Frá einni og uppí 20 gulendur hafa sést á Hlíðarvatni skv. viðauka II. Auk þess sáust 5 gulandarsteggir í Vogsósi 14. júní 2000.
- 36. Haförn** *Strjáll vetrargestur, fyrrum varpfugl á nokkrum stöðum.* Þrír gamli varpstadir eru nærrí fyrirhuguðum vegi, sjá viðauka III. Sést nokkuð reglulega í Selvogi að vetrarlagi.
- 37. Smyrill** *Sést árið um kring og hefur orpið á nokkrum stöðum.* Er þó mest áberandi á haustin.
- 38. Fálki** *Vetrargestur, hefur orpið á premur stöðum á svæðinu,* frá Grindavík í Selvog, sbr. viðauka III. Fálkar sjást tíðum við Hlíðarvatn og víðar á veturna.
- 39. Rjúpa** *Útbreidd en fremur í grónum hraunum og mólendi árið um kring.* Þó rjúpan sé útbreidd, er hún þó fremur strjál á athugunarsvæðinu.
- 40. Sefhæna** *Sjaldgæfur flækingsfugl.* Ein sást við Vogsósa um 20. desember 1970.
- 41. Bleshæna** *Sjaldgæfur vetrargestur.* Fyrir 1980 sáust bleshænur tvisvar í Selvogi, 5. nóvember 1896 og á Hlíðarvatni 18. nóvember 1965
- 42. Tjaldur** *Algengur varpfugl, sést eitthvað árið um kring.* Tjaldar verpa misþétt með allri strandlengjunni. Þeir sjást óreglulega í Selvogi á veturna, en eru tíðari við Grindavík.
- 43. Sandlöa** *Algengur varpfugl, fargestur.* Verpur á svipuðum slóðum og tjaldur, en er þó ekki jafn útbreidd. Eitthvað af sandlóu hefur viðvöl á fartíma, en staðan er ekki þekkt.
- 44. Skräklóa** *Sjaldgæfur flækkingur við Hlíðarvatn.* Stakur fugl sást 17.-18. október 1980.

- 45. Heiðlóá** *Algengur varpfugl, fargestur.* Lóan er algengasti mófuglinn á athugunarsvæðinu, samkvæmt mælisniðum, með varþéttleikann 20 pör og 9 pör á km². Heiðlóá hefur viðvöl vor og haust, en staða umferðarfugla er ekki þekkt.
- 46. Fjalllóá** *Sjaldgæfur flækingsfugl.* Fyrsta fjalllóan sem sást hér á landi var í Herdísarvík 23. september 1962.
- 47. Vepja** *Sjaldgæfur gestur.* Ein fundin dauð í Herdísarvík 25. apríl 1963.
- 48. Rauðbrystingur** *Algengur vorfargestur, staða á haustin ekki bekkt.* Hinn 19. maí 1990 sáust 4430 rauðbrystingar í Selvogi, frá Selvogsvita að Vogsósum. Þetta er 1,7% allra rauðbrystinga sem sáust í heildartalningu á landinu í maí 1990. Sé þessi fjöldi árviss, fellur svæðið undir skilgreiningu Alþjóða fuglaverndarsamtakanna (BirdLife International) um alþjóðlega mikilvæg svæði. Sama dag sáust alls 6550 rauðbrystingar frá Þorlákshöfn að Hraunsvík.
- 49. Vaðlatíta** *Sjaldgæfur haustflækingur.* Ein sást í Nesi í Selvogi, 4. nóvember 1980.
- 50. Sendlingur** *Varpfugl og vetrargestur.* Strjáll varpfugl, hefur fundist verpandi m.a. við Hlíðarvatn og á Krýsuvíkurbergi. Sendlingur er langalgengasti vaðfuglinn á veturna á athugunarsvæðinu, sbr. viðauka II.
- 51. Lóuþræll** *Verpur við Hlíðarvatn, sést frá vori framá haust.* Lítið er um kjörlendi fyrir lóuþræl á athugunarsvæðinu, en hann er talinn verpa við Hlíðarvatn. Eitthvað af lóuþræl hefur viðkomu á fartíma og t.d. sáust 2 í Vogósnum 14. júní 2000.
- 52. Hrossagaukur** *Allalgengur varpfugl í vel grónum hraunum, myrlendi, graslendi og fleira.* Hrossaukar var þriðji algengasti mófuglinn á sniði við Hraun. Hann hefur fundist verpandi við Hlíðarvatn og víðar.
- 53. Skógarsnípa** *Sjaldséður gestur.* Ein við Herdísarvíkurfjall í Selvogi, 28. október 1980.
- 54. Jaðrakan** *Verpur sennilega við Hlíðarvatn, kallandi fugl var við Vogsósa 14. júní 2000, sem bendir til varps þar.* Engar upplýsingar eru um jaðrakana á fartíma á svæðinu.
- 55. Spói** *Algengur varpfugl í mólendi, slæðingur sést vor og haust.* Spói var algengur á báðum mælisniðum og hann verpur viða í mólendi og grónum hraunum.
- 56. Fjöruspói** *Sjaldgæfur vetrargestur.* Sést í Selvogi. Flestar athuganir eru frá október, en hefur einnig sést í jólatalningum. Flestir sáust í Herdísarvík 4. október 1959, 6-8 fuglar.
- 57. Stelkur** *Algengur varpfugl þar sem kjörlendi er fyrir hendi.* Strjáll vetrargestur. Varpkjörlendi stelks er í gömlum túnum, votlendi, graslendi og við mannabústaði. Hann kom fram á báðum mælisniðum og var næst algengasti fuglinn á sniðinu við Hraun, auk þess sást stelkur í könnun á varpfuglum í Krýsuvíkurhrauni. Fáeinir stelkar hafa sést í vetrartalningunum.
- 58. Dílastelkur** *Mjög sjaldgæfur flækkingur.* Fyrsti fugl þessarar tegundar sem sást hérlendis var í Herdísarvík 28. apríl 1963.
- 59. Tildra** *Algengur vorfargestur, staða á haustin ekki pekk, vetrargestur.* Hinn 19. maí 1990 sáust 202 tildrar í Selvogi, frá Selvogsvita að Vogsósum. Þetta er 1,1 % allra tildra, sem sáust í heildartalningu á landinu í maí 1990. Sé þessi fjöldi árviss, fellur svæðið undir skilgreiningu Alþjóða fuglaverndarsamtakanna (BirdLife International) um alþjóðlega mikilvæg svæði. Sama dag sást alls 391 tildra frá Þorlákshöfn að Hraunsvík. Tildra er næst algengasti vaðfuglinn á veturna, þó hún komist vart með tærnar þar sem sendlingurinn hefur hæhana.

- 60. Óðinshani** *Sumargestur, hefur orpið við Hlíðarvatn og sennilega víðar.* Óðinshani hefur orpið á nokkrum stöðum á athugunarsvæðinu, t.d. við Hlíðarvatn og í votlendi í Krýsuvík, en ekki er víst að það sé árvissst.
- 61. Kjói** *Varpfugl, sést frá vori framá haust.* Kjóinn verpur dreift um allt athugunarsvæðið, kom þó ekki fram í sniðtalningum, en sást í Krýsuvíkurhrauni.
- 62. Skúmur** *Varpfugl á Hafnarsandi við Þorlákshöfn, sést með ströndinni frá vori framá haust.* Einhver strjálingur mun verpa frá Hrauni í Ölfusi vestur í Selvog, en þéttast er varpið á Hafnarsandi, þar urpu 5-8 pör á árunum 1985-1987.
- 63. Hettumáfur** *Strjáll varpfugl og sumargestur við Hlíðarvatn.*
- 64. Sílamáfur** „Enn“ strjáll varpfugl á athugunarsvæðinu. Sumargestur, sést frá því í mars frammí október.
- 65. Silfurmáfur** *Varpfugl, staðfugl,* algengasti stóri máfurinn í fuglabjörgunum.
- 66. Bjartmáfur** *Algengur vetrargestur,* frá október til maí.
- 67. Hvítmáfur** *Algengur vetrargestur, sést á öðrum árstímum.* Varp fyrrum í Krýsuvíkurbergi og vestan Þorlákshafnar.
- 68. Svartbakur** *Varpfugl, sést árið um kring.* Vestan Þorlákshafnar urpu um 60 pör 1987, á svipuðum slóðum og skúmurinn. Annars staðar verpa bara stök pör á stangli.
- 69. Rita** *Sést meira og minna árið um kring.* Algengasti fuglinn í Krýsuvíkurbergi. Stór baðstaður er á Hlíðarvatni allt sumarið og skipta fuglar þar þúsundum.
- 70. Kría** *Algengur varpfugl.* Hátt á fimmta þúsund pör verpa á athugunarsvæðinu, stærsta varpið er við hraun, um 4000 pör.
- 71. Langvíá** *Varpfugl í Krýsuvíkurbergi.* Strjáll vetrargestur við ströndina. Um 20.000 pör verpa í bjarginu.
- 72. Stuttnefja** *Varpfugl í Krýsuvíkurbergi.* Um 2600 pör verpa í bjarginu.
- 73. Álka** *Varpfugl í Krýsuvíkurbergi og í Hellum vestan Þorlákshafnar, sést einnig á veturna.* Um 8700 pör verpa í bjarginu og fáein í Hellum, þó e.t.v. ekki árlega.
- 74. Teista** *Verpur allvíða með ströndinni,* sennilega er mest í Krýsuvíkurbergi, en einnig í Hellum við Þorlákshöfn og undir Festarfjalli. *Staðfugl.* Ekki er kunnugt um stofnstærð, en varppörin eru sennilega örfá hundruð.
- 75. Lundi** *Varpfugl í Krýsuvíkurbergi, Festarfjalli og í Hellum, farfugl.* Um 2000 pör verpa í Krýsuvíkurbjargi, slæðingur vestan Þorlákshafnar og nokkur hundruð í Festarfjalli.
- 76. Landsvala.** *Sjaldséður vorgestur.* Tvær sáust í Herdísarvík 16. maí 1948.
- 77. Púfutittlingur** *Algengur varpfugl, farfugl.* Verpur í alls konar grónu landi.
- 78. Maríuerla** *Alltíður varpfugl, farfugl.* Verpur í mannvirkjum, sjávarhömrum, við ár og læki. Kom fram í sniðtalningu við Hlíðarvatn.
- 79. Garðaskotta** *Sjaldgæfur haustflækingur.* Einn fugl við Hlíðarvatn 9. október 1977.
- 80. Steindepill** *Algengur varpfugl, farfugl í hraunum og fjörkukömbum.* Sást m.a. á mælisniði við Grindavík og í Ögmundarhrauni.
- 81. Skógarþróstur** *Algengur varpfugl í kjarri og við mannabústaði.* *Farfugl.* Fannst m.a. í kjarri vöxnu Krýsuvíkurhrauni.
- 82. Svartþróstur** *Haust- og vetrargestur*
- 83. Gráþróstur** *Haust- og vetrargestur.* Nokkur áraskipti eru að komum svart- og gráþrasta.

- 84. Hrafn.** *Varpfugl, staðfugl.* Verpur dreift með öllu vesarstæðinu, aðallega þó milli Grindavíkur og Selvogs. Um 12 varpstaðir hrafnna eru þekktir nærri fyrirhuguðu vesarstæði.
- 85. Auðnutittlingur** *Haust- og vetrargestur* Hugsanlegur varpfugl í trjágörðum og skógræktarreitum.
- 86. Snjótittlingur** *Varpfugl, staðfugl.* Einkennisfugl úfinna hrauna og stórgrýttra sjávarkamba.

Viðauki II. Fuglar á Hlíðarvatni og í Selvogi að vetrarlagi. Byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun og talningum höfundar.

	004	004B	004B	004B	Hlíðarvatn	004B	Hlíðarvatn
Fuglar	26.12.1972	29.1.1978	30.12.1987	30.12.1989	30.3.1980	17.11.1984	29.3.2001
Himbrimi	2		5	3		6	
Lómur		3				1	
Flórgoði					1		
Fyll		X		6000	X		X
Súla		2					
Dílaskarfur	6	11	8	21		50	
Toppskarfur	12	16	8			3	
Ógr. Skarfur		3	27				
Álf			6		2		
Rauðhöfðaönd		198	650	5		35	
Urtönd			1				
Stokkond	58	243	460	94	29	120	
Skúfond			12	3	2		2
Duggönd			40		75		145
Skutulönd					3		
Æður	250		520	1200		600	6
Straumönd	21	15	75	62		11	
Hávella	5	171	230	300	112	210	
Hvinönd					1	4	
Gulönd	1	7		19	1	7	4
Toppönd	18	45	60	64	65	32	19
Haförn		1				1	
Fálki						1	
Rjúpa	5	2					
Tjaldur				1			
Sendlingur	111	322	400	380		550	
Fjöruspói			1	2			
Stelkur	1			3			
Tildra	19	1	13			5	
Sílamáfur					X		X
Silfurmáfur	32	37	30	7	X		X
Bjartmáfur	2		4		X		X
Hvítmáfur	12	23	50	120	X		X
	004	004B	004B	004B	Hlíðarvatn	004B	Hlíðarvatn
Fuglar	26.12.1972	29.1.1978	30.12.1987	30.12.1989	30.3.1980	17.11.1984	29.3.2001

Svartbakur	15	80	50	25	X	20	X
Rita		4		30			20
Ógr. Máfar	250				7500		2000
Álka		1					
Teista		2					
Steindepill						1	
Svarþrostur						3	
Gráþrostur						5	
Skógarþrostur						3	
Hrafn		4	8	2		3	
Auðnutittlingur						2	
Snjótíttlingur	350	22	140	250			
Samtals	1170	1213+	2798	8591	7791	1673	2196
Teg alls	19	23	22	20		23	
Landselur		18					

Talningar 1972, 78, 87 og 89 byggjast á gögnum frá Náttúrufræðistofnun, hinar talningarnar eru úr fórum undirritaðs. 004 er svæðið frá Herdísarvík að Strandakirkju, ásamt Hlíðarvatni og 004B nær frá Herdísarvík að Selvogsvita, ásamt Hlíðarvatni (Ævar Petersen 1989).

Viðauki III. Svar Náttúrufræðistofnunnar vegna fyrirspurnar um varpstaði arnar, fálka og hrafns.

Vísað er til tölvuskeytis varðandi varp fálka, hrafns og arnar við fyrirhugaðan Suðurstrandarveg.

1. Þekktir eru þrír varpstaðir **fálka** í grennd við fyrirhugaðan veg, frá Grindavík í Selvog. Fálkar hafa ekki orpið þar svo kunnugt sé í aldarþriðjung en gætu gert það á komandi árum. Að mati Náttúrufræðistofnunar mun enginn þeirra leiða sem eru til skoðunar hafa umtalsverð áhrif á framtíðarbúsetu fálka á þessum stöðum.
2. Þekkt eru þrjú gömul varpsvæði **arnar** í grennd við fyrirhugaðan Suðurstrandarveg, frá Grindavík í Selvog. Að mati Náttúrufræðistofnunar mun fyrirhugaður vegur ekki hafa áhrif á hugsanlega búsetu arna á einu varpsvæðinu sem er við Stakkavík. Hin tvö varpsvæðin eru:
 - A. Í Litlahrauni (GPS hnit $63^{\circ}50'908\text{ N}$, $21^{\circ}59'064\text{ V}$). Þar virðast allar veglínur vera innan við 500 m frá gamla varpstaðnum en þetta þarfnaðst þó nánari skoðunar. Vegarlagning á þeim slóðum mun því að mati Náttúrufræðistofnunar rýra verulega möguleika arna á því að nema þar land að nýju en síðast er vitað um varp á þessum slóðum á fyrri hluta 19. aldar.
 - B. Í Ögmundarhrauni, nákvæm staðsetning er ekki þekkt en líklega hafa ernir orpið austarlega í hrauninu, síðast um aldamótin 1900. Að mati Náttúruræðistofnunar gætu allar veglínur um Ögmundarhraun, eins og þær eru sýndar, haft áhrif á hvort ernir nemí

þar land að nýju. Líklegt er þó, að hreiðurstaðurinn sé á milli þeirra veglína, sem eru sýndar á korti Vegagerðarinnar.

3. Allmargir varpstaðir **hrafna** eru þekktir á svæðinu frá Grindavík að Selvogi (sbr. Kristin H. Skarphéðinsson o.fl. 1990). Fyrirhugaður Suðurstrandarvegur gæti legið allrnærri mörgum þessara staða en að mati Náttúrfræðistofnunar mun vegurinn ekki rýra möguleika hrafna svo orð sé á gerandi til varps og fæðuöflunar.

Reykjavík 6. júlí 2001

Vinsamlegast,

Kristinn H. Skarphéðinsson